

Iðjuþjálfun á Barna- og unglingageðdeild (BUGL)

Iðjuþjálfun BUGL



Iðjuþjálfar á BUGL

Á BUGL vinna iðjuþjálfar í þverfaglegum teyllum á göngu- og legudeild. Þeir sinna ráðgjöf, mati og íhlutun varðandi eigin umsjá, frítíma og samverustundir, skólafærni, félagsfærni, vinnu, skyn- og hreyfifærni ásamt málstjórn.

Með iðju er átt við þátttöku barnsins og færni við að inna af hendi dagleg viðfangsefni á heimili, í skóla, við leik, tómsundaiðju og vinnu. Umhverfisþættir eru athugaðir og metið hvort þeir ýti undir eða torveldi þátttöku og virkni. Upplýsinga er aflað um ofangreinda þætti með ýmsum matstækjum. Kröfur eru aðlagðar að getu hvers og eins og barninu kennt að nýta styrkleika sína.

Þegar börn eiga erfitt með að sinna sínum **daglegu verkefnum** á fullnægjandi hátt er það vísbending um þörf á mati og íhlutun iðjuþjálfra. Algengt er að sú færni breytist í kjölfar fötlunar, sjúkdóms eða álags. Börn geta átt erfitt með að annast sig sjálf, eiga í samskiptum við foreldra og vini, stunda skólann, sinna áhugamálum sínum og/eða njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Iðjuþjálfar sinnir meðal annars **starfi málstjóra**. Á göngudeild ber málstjóri, í samvinnu við teymi, ábyrgð á máli barnsins frá inn- til útskriftar. Hann heldur utan um þau mál sem tengjast barninu innan og utan BUGL.

Á legudeild hefur **málstjóri** yfirsýn yfir mál barns við komu og heldur utan um þau verkefni sem tilgreind eru í meðferðaráætlun í góðu samstarfi við teymi legudeildar sem og göngudeildar.



Íhlutun iðjupjálfa

Eigin umsjá

Meta færni og þátttöku við eigin umsjá

- Auka færni og efla sjálfstæði við eigin umsjá, t.d. við klæðnað, snyrtingu og borðhald
- Ráðgjöf varðandi skipulag og þátttöku í heimilisstörfum
- Ráðgjöf varðandi tímastjórnun
- Ráðgjöf/þjálfun varðandi slökun/skynörvun og svefn

Ráðgjöf varðandi frítíma og samverustundir fjölskyldu

Meta þörf og áhugasvið

- Upplýsingaöflun um hvað er í boði og hvert á að leita.
- Tenging við úrræði utan BUGL
- Kynning á tómstundum og tengdum úrræðum
- Ráðgjöf varðandi skipulag frítíma og tómstunda

Skólafærni

Mat nemanda á skólaumhverfi og mat á skynúrvinnslu tengdum skólaumhverfi

- Sjónarhorn nemanda á getu hans og líðan í skóla
- Ráðgjöf í skóla

Félagsfærni og sjálfstyrking

Mat á félagsfærni og sjálfsmati

- Félagsfærniþjálfun – í minni hópum og einstaklingsmeðferð
- Hópaúrræði – t.d. Ævintýrahópur og PEERS

Skyn- og hreyfifærni

Mat á skyn- og hreyfifærni

- Mat á skynúrvinnslu og áhrif þess á þátttöku einstaklinga í samfélaginu
- Mat á fín- og grófhreyfifroska
- Skynörvun (grounding) er meðferðarform til að bæta jarðtengingu og auka líkamsvitund barna og unglunga
- Ráðgjöf varðandi þyngingarábreiður og vesti
- Fræðsla og ráðgjöf til foreldra varðandi ofangreinda þætti

Beiðni/tilvísun fyrir iðjuþjálfun

Iðjuþjálfar á legu- og göngudeild meta þörf fyrir iðjuþjálfun í samvinnu við aðra teymismeðlimi á hverri deild fyrir sig.

Beiðni um iðjuþjálfun berast frá legu- og göngudeildum rafrænt í Sögukerfi LSH teymismeðlimum BUGL og/eða munnlega á teymisfundum/ planfundum.

Fagmennska - framsækni - áhrifamáttur

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, IÐJUÞJÁLFUN Á BUGL
NÓVEMBER 2018 - 2. ÚTGÁFA

HÖFUNDAR:
IÐJUÞJÁLFAFAR Á BUGL

ÁBYRGÐ:
YFIRIÐJUÞJÁLFI Í GEDENDURHÆFINGU LSH

LÍÓSMYND: SHUTTERSTOCK

PRENTUN: FJÖLRITUN Á KLEPPI

HÖNNUN: SAMSKIPTAÐEILD LSH